

**Starfsáætlun Atvinnu- og hafnasviðs**

**Efnisyfirlit**

Inngangur .....	2
13 Atvinnumál .....	3
Atvinnuþróun .....	3
Markaðssetning .....	3
Orkugarður/Orkuver .....	3
Iðnaðarsvæðið í Helguvík .....	4
Ferðapjónusta .....	4
Heilbrigðisþjónusta.....	5
75 Hafnamál.....	5
Framkvæmdir 2006.....	6

**Inngangur**

- 13 Atvinnumál
- 75 Hafnamál

23.503.000

62.488.000

85.991.000

Framkvæmdastjóri Atvinnu- og hafnasviðs vann starfsáætlun ATH fyrir árið 2006 með aðstoð annarra góðra starfsmanna Reykjanesbæjar.

Til hliðsjónar var höfð Framtíðarsýn, stefna og meginverkefni Reykjanesbæjar 2002 – 2006, ásamt fjárhagsáætlun Atvinnu- og hafnasviðs Reykjanesbæjar fyrir árið 2006.

Starfsáætlunin er nú lögð fram fyrir Atvinnu- og hafnasvið í þriðja sinn og verður hún fastur liður í framtíðinni. Starfsáætlunin nýtist sem stjórnþæki og til upplýsinga fyrir starfsmenn, stjórnendur, bæjarfulltrúa og bæjarbúa Reykjanesbæjar.

Framkvæmdastjóri ATH hefur umsjón með áætlunargerð og undirbúning framkvæmda með sérfræðiaðstoð frá Siglingastofnun, Verkfræðistofu Suðurnesja ehf. og öðrum sérfræðipjónustufyrirtækjum.

Í atvinnumálum verður unnið áframaf fullum krafti samhliða markaðssetningu Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar.

Lokið verður við nýtt deiliskipulag í Helguvík á árinu þar sem farnar er nýjar leiðir í umferðarskipulagi og skipulagi iðnaðar- og þjónustuvæða.

Stjórn Atvinnu- og hafnaráðs hefur óskað eftir því að Helguvíkurhöfn fari í líkantilraun hjá Siglingastofnun á árinu 2006 vegna fyrirhugaðra framtíðarviðlegukanta Helguvíkurhafnar, í tengslum við fyrirhugað álver Norðuráls hf. (Century Aluminum).



## 13 Atvinnumál

### Atvinnuþróun

Reykjanesbær byggir á sex meginstöðum til atvinnuþróunar á svæðinu:

23.503.000

1. Að orka Reykjaness sé virkjuð skynsamlega. Að hér sé staðsett öflugt orkufyrirtæki sem býður samkeppnishæfa orku til heimila og fyrirtækja og er fært um að hafa góðan arð af sölu raforku til annarra byggðarlaga. Á þessum grunni verði hlúið að frekari jarðhitarannsóknnum á svæðinu. Reykjanesbær verði áfram leiðandi aðili í Hitaveitu Suðurnesja hf.
2. Að hér sé blómleg aðstaða fyrir þjónustu og verslun – Því er lífæðin frá Duus húsum eftir Hafnargötu og Njarðarbraut og inn á Fitjar í endurgerð, þar sem þegar eru staðsett um 200 fyrirtæki.
3. Að hér sé öflugt iðnaðarsvæði í Helgúvík sem býður hentuga staðsetningu milli stórskipahafnar og alþjóðaflugvallar, með ljósleiðaratengingum og ódýrri raforku inn á svæðið.
4. Að byggt sé á þjónustu tengdri Keflavíkurlugvelli, m.a. ferðaþjónustu. Skapaður sé "segull" í ferðaþjónustu sem tryggi hlutverk Reykjanesbæjar í ferðaþjónustu landsmanna. Uppbygging Víkingaheims með Nausti Íslendinga, Smithsonian safni og söguslóðasýningu er mikilvægt verkefni í þeim tilgangi.
5. Að hér sé áfram miðstöð varna þjóðarinnar og skoðaðir séu möguleikar á að styrkja þá starfsemi í breyttum heimi, s.s. tengt sjúkdómavörnum og skynsamlegri samþættingu verkefna á sviði öryggismála þjóðarinnar.
6. Að sveitarfélagið sé vakandi fyrir nýjum hugmyndum er aukið geta atvinnumöguleika s.s. í heilbrigðisþjónustu, íþróttum og háskólatengdri starfsemi.

### Markaðssetning

Áfram verður unnið að markaðssetningu Helgúvíkur sem framtíðar iðnaðarsvæði er tengir saman flug- og stórskipahöfn. Umhverfisathugun v/ álvers Norðuráls hf. í Helgúvík er í gangi, og ákvörðun um stærð og legu lóðar þess í vinnslu. Nýtt deiliskipulag Helgúvíkur verður staðfest þegar Norðurál hefur gengið frá lóðar- og hafnarsamningi við Reykjanesbæ og Reykjaneshöfn.

### Orkugarður/Orkuver

Atvinnu- og hafnaráð hefur að undanfögnu skoðað möguleika á að stuðla að samfélagi fyrirtækja sem leggja áherslu á orkuvinnslu. Með samstarfi við Hitaveitu Suðurnesja hefur verið haft samband við Orkustofnun og ýmis fyrirtæki sem starfa í þjónustu við orkuveitur. Með tilkomu samþykktar ríkisstjórnarinnar um stuðning við djúpbörðun á Reykjanesi hefur þessu verkefni vaxið fiskur um hrygg.

Staðsetning slíks samfélags getur í raun verið um allt Reykjanes, ýmist byggt á starfsemi í Svartsengi, við eða í nýja orkuverinu á Reykjanesi eða í höfuðstöðvum HS.

Fyrirhugað er að koma upp sýningaraðstöðu sem leggur áherslu á kynningu orkumöguleika jarðarinnar og kynningu á nýtingu jarðvarma til orkuvinnslu.

Reykjanesbær leggur áherslu á að halda forystuhlutverki sínu í Hitaveitu Suðurnesja og telur augljóst að framtíðarstaðsetning höfuðstöðva fyrirtækisins eigi að tengjast slíkum orkugarði á Reykjanesi. Með "orkugarði" væri unnt að stofna til vel launaðra starfa sem krefjast fjölbættrar menntunar.

Bæjarstjórn hefur lagt áherslu á að styrkja stöðu sína í Hitaveitu Suðurnesja, og hefur lagt áherslu á kaupum á eignarhlutum sem til sölu eru í HS, nú síðast með kaupum á hlutabréfum sveitarfélagsins Álftaness. Það er hlutverk ATH að vera vakandi fyrir nýjungum í orkuvinnslu og tryggja gott samstarf við HS þar sem það á við.

### **Iðnaðarsvæðið í Helguvík**

Atvinnu- og hafnasvið mun áfram fylgja eftir markaðssetningu Helguvíkur sem framtíðar atvinnusvæðis Reykjanesbæjar í iðnaði er tengir saman flug- og stórskipahöfn. Lagður hefur verið grunnur að framþróun fyrirtækja þar á næstunni.

Í Helguvík er athafnasvæði fyrir gámageymslur, vöru- og frystigeymslur. Iðnaðarlóðir hafa verið skipulagðar í nágrenninu til að uppfylla óskir út- og innflutningsaðila um kjöraðstöðu til uppbyggingar athafnasvæða. Áfram verður hugað að slíkum verkefnum á árinu.

Helguvík er framtíðarhöfn þeirra fyrirtækja sem nýta munu þá miklu orku og möguleika sem Hitaveita Suðurnesja býður upp á á háhitasvæðinu á Reykjanesi.

Helguvík er einnig olíuhöfn Suðurnesja með Nato olíubryggju og birgðastöð. FL group hefur óskað eftir samstarfi um uppbyggingu birgðastöðvar.

Viðræður við Century Aluminium standa yfir, en fyrirtækið hefur óskað eftir aðstöðu undir 250 þúsund tonna álver í Helguvík. Umhverfisathugun v/ álvers Norðuráls hf. er í vinnslu og unnið er að ákvörðun um stærð og legu lóðar þess. Áfram verður unnið með Century að verkefninu á þessu ári.

ATH afturkallaði lóð IPT stálþípufyrirtækisins í lok síðasta árs en hefur boðið fyrirtækinu aðra lóð ef IPT lýkur fjármögnun þessa verkefnis eða annarra sem boðuð hafa verið.

### **Ferðapjónusta**

#### **Markaðssetning**

Með það að markmiði að fjölga íbúum og atvinnutækifærum mun Reykjanesbær leggja áherslu á frekari markaðssetningu bæjarins og atvinnusvæði sem hér bjóðast og ná samstarfi við forsvarsmenn fleiri atvinnufyrirtækja um uppbyggingu þeirra í bæjarfélaginu.

#### **Reykjanesbær - fyrsti og síðasti áfangastaður ferðamanna**

Með betri tengslum við alþjóðaflugvöll og aðlaðandi umhverfi Reykjanesbæjar er lögð áhersla á að Reykjanesbær verði áfangastaður allra ferðamanna. Komíð verði fyrir kynningarskiltum við Reykjanesbraut sem minna á áhugavert efni fyrir ferðamenn, s.s. hvalaskoðun, víkingaheim, hótél og veitingastaði.

#### **Keflavíkurflugvöllur**

Hugað verði að aðstöðu fyrir innanlandsflug á Keflavíkurflugvelli og gert ráð fyrir að

innanlandsflug verði fært til Keflavíkurflugvallar í framtíðinni. Gert verður ráð fyrir verkefninu í skipulagi umhverfis á svæði Reykjanesbæjar við flugvöllinn.

### Göngu- og hjólréiðastígur að Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Lögð verður áhersla á að ljúka viðræðum við Varnarliðið og tengda aðila um lagningu göngu- og hjólréiðastígs á milli Reykjanesbæjar og Flugstöðvarinnar.

### Heilbrigðisþjónusta

Reykjanesbær vill styrkja enn frekar stöðu heilbrigðisþjónustunnar. Byggja þarf áfram á þeim tækifærum sem góð sérfræðiþjónusta veitir og búa henni sterka umgjörð. Miklir möguleikar eru til að skapa nýja þjónustu m.a. heilsubótar- og lækningaferðir til Íslands þar sem t.d. Bláa lónið og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja væru virkjuð til þátttöku. Þannig má skapa fleiri áhugaverð störf í bænum um leið og þjónusta við íbúa verður fjölbættari og vandaðri.

Heilbrigðisþjónusta skapar fjölmörg störf í samfélaginu. Auk augljósra kostna fyrir notendur þjónustu skapar þjónusta í héraði áhugaverð störf. Sérstaklega er mikilvægt að huga að virku heimilislæknakerfi fyrir eldri borgara og langsjúka, færa endurhæfingu heim í hérað og samræma þjónustu svo sem iðjubjálfun og sjúkráþjálfun.

Nýtt hjúkrunarheimili mun skapa fjölmörg störf í bæjarfélaginu.

## 75 Hafnamál

### Gatnagerð

Nýjum atvinnulóðum hefur verið úthlutað við Selvík í Helguvík. Lagning vatns, holræsa, rafmagns, hita og síma er tengjast við úthlutaðar lóðir verður boðið út og verkið hafið í byrjun árs 2006. Hólmsbergsbraut að Selvík verður malbikuð sumarið 2006.



Nýtt deiliskipulag atvinnu- og hafnasvæðis í Helguvík verður staðfest þegar Norðurál hf. hefur gengið frá lóðar- og hafnarsamningi við Reykjanesbæ og Reykjanes-höfn.

### Endurnýjuð bifreiðar

Renault sendibifreið hafnarinnar verður endurnýjuð þar sem hún orðin erfið í viðhaldi. Ákveðið var að fjárfesta í eins bifreið sem nýttist vel í afgangi á vatni og rafmagni fyrir hafnarverði og hafnsögumenn.

### Ísafgreiðsla

Settur verður upp Ísblásari við Ísstöð þannig að hægt sé að afgangi ís beint um borð í skip, vestur og suður af Ísstöðinni. Þannig er hægt að afgangi við stálþilskant (farskipakant) stærri fiskiskip með meiri djúpristu.

**Vaktaðstaða**

Hafnavernd er viðbót í rekstri Reykjaneshafnar með tilkomu laga um hafnavernd 1.7 2004. Í framhaldi var öryggisgirðingum komið fyrir á þremur hafnasvæðum í Keflavík, Njarðvík, og Helguvík, þar sem farskip í millilandasiglingum hafa viðkomu.

Hafnarverðir hafa séð um öryggisvörslu í hliðunum og er oft um töluverða viðveru að ræða, þegar gámaskip eru að losa og lesta. Vinnuaðstaða starfsmanna verður bætt með kaupum á 10 feta vaktagám, sem verður færánlegur milli hafnasvæða.

**Framkvæmdir 2006**

Malbikun, skolplögn og götulýsing við Hólmsbergsbraut	24.900.000	
Malbikun, skolp og lýsing tengibrautar milli Fuglavíkur og Selvíkur	22.490.000	
Malbik, skolplögn og götulýsing við Fuglavík	12.048.000	
Endurnýjun á bifreið UA-388, Renault sendibifreið	900.000	
Ísblásari við ísafgreiðslu í Njarðvík	1.500.000	
Gámur fyrir vaktaðstöðu hafnarverndar	650.000	
Framkvæmdir alls	<b>62.488.000</b>	<b>62.488.000</b>

**62.488.000**